



HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað - 7. nóvember 2016

Efni: Hraunhvammur 4, fyrirspurn til skipulags- og byggingafulltrúa, 1611001

Texti: Þann 1.11.2016 leggja eigendur hússins við Hraunhvamm 4 inn fyrirspurn til skipulags- og byggingarfulltrúa vegna hækkunar á þaki hússins.

Innsendar skissur sýna töluverða hækkun á þaki, eða sem samsvarar kjallara og fyrstu hæð einnig er sólstofa á austurhliðinni stækkuð og þak hússins lengt fram yfir hann.

Í tillögunni eins og hún er lögð fram nú ber þakið húsið ofurliði og stækkun sólskálans tónar illa við húsið. Vel má skoða að hækka þak hússins allt að 0,8 m þar sem hæðst er og koma fyrir miðjusetnum kvist á þaki suðurhliðar og tveimur kvistum á norðurhlið, er taka mið af húsum frá þessum tíma. Af innsendum skissum má ráða að eigendur hyggjast færa gluggana nær upphaflegu horfi sem er ánægjulegt. Húsið var augnstungið árið 1976 sk. samþykktum teikningum er finna má á vef Hafnarfjarðar.

Mælst er til að eigendur ráði til sín hönnuð/arkitekt til að vinna nánari útfærslu. Skoða þarf hækkun hússins m.t.t. götummyndar og aðliggjandi húsa. Skila þarf inn teikningum til byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar til samþykktar áður en byggingarleyfi er veitt.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt.